

til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 183/1981. **Guðni Þórðarson**

gegn

**Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík,
vegna sjálfs sín og þrotabús Staðals h/f.**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptalok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 20. júlí 1981, sem barst Hæstarétti 26. ágúst. Krefst hann þess, að skipti í þrotabúi Staðals h/f verði endurupptekin.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík 20. janúar 1978 var þess krafist, að bú Staðals h/f yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en félagið var sagt skulda opinber gjöld að fjárhæð 10.819 krónur. Beiðninni fylgdi endurrit lögtaksgerðar, en að ósk gjaldheimtunnar hafði verið freistað lögtaks í eign-

um hlutafélagsins 26. október 1977. Mætti þá af þess hálfu Ásmundur Jóhannsson stjórnarmaður, og kvað hann fyrir-
tekið eignalaust. Var því bókað, að gerðin væri árangurs-
laus. Fram hefur verið lagt ljósrit af tilkynningu skiptaráð-
anda til félagsins 16. júní 1978, sem stíluð var til Ásmundar.
Segir í tilkynningunni, að honum sé stefnt fyrir skiptarétt
vegna félagsins 23. júní 1978. Ekki verður séð, hvort málið
var þá tekið fyrir í skiptarétti, en 9. ágúst 1978 var kveð-
inn upp úrskurður, þar sem sagði, að taka yrði kröfuna um
gjaldþrotaskipti til greina, enda hefði varnaraðili ekki sótt
þing, en fyrir lægi ljósrit af árangurslausri lögtaksgerð. Inn-
köllun til kröfuhafa var birt í Lögbirtingablaði 20. septem-
ber, 27. september og 5. október 1978. Af hálfu sóknaraðilja
var hinn 15. desember 1978 lýst í búið kröfu að fjárhæð
517.515 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Hinn 3. október 1978 hafði skiptaréttur verið haldinn til
að skrifa upp eignir varnaraðilja. Mættur var Jón Robert
Karlsson, sem sagður var stjórnarmaður í félaginu. Kvað
hann sér ókunnugt um, að félagið skuldaði, og sagði kröfu
gjaldheimtunnar greidda. Hann kvað félagið „alveg eigna-
laust“. Hefði það rekið teiknistofu, en starfseminni verið
hætt, er einn af fimm hluthöfum hætti samstarfi um rekst-
urinn.

Hinn 31. júlí 1980 var tekið fyrir í skiptarétti að ljúka
skiptameðferð þrotabús Staðals h/f. Fram voru lögð ljósrit
skattframtala 1977 og 1978. Á þeim báðum segir, að eignir
félagsins séu varasjóður, 101.471 króna. Bókað var, að lýst-
ar kröfur næmu 860.284 krónum. Síðan var bókað: „Þar
sem engar eignir fundust í búinu, verður að ljúka skiptum
skv. 33. gr. 1. 25/1929, án þess að nokkuð fáið upp í lýstar
kröfur. Skiptabeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði
skiptakostnað. — Skiptameðferð bús þessa er lokið.“

Í hinum kærða úrskurði er greint frá tilkynningu um
skiptalokin og kröfu af hálfu sóknaraðilja um endurupp-
töku svo og þeim rökum, sem hann færði fram henni til
stuðnings.

Sóknaraðili neytti ekki réttar síns til að kæra ákvörðun

skiptaráðanda frá 31. júlí 1980. Settra lagareglna nýtur ekki um heimild til endurupptöku skipta almennt, en telja verður, að reglur um þetta atriði, byggðar á fordæmum og almennum viðhorfum, heimili endurupptöku, ef nánari skilyrði eru uppfyllt.

Eins og fyrr greinir, hafði nafngreindur stjórnarmaður í Staðli h/f sagt félagið eignalaust við fógetagerð 26. október 1977. Hið sama hafði annar maður, sem einnig var sagður stjórnarmaður, borið fyrir skiptarétti 3. október 1978. Hins vegar höfðu komið fyrir skiptaráðanda skattframtöl, og eftir þeim átti félagið varasjóð, 101.471 krónu. Rétt var því samkvæmt 23. gr., sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1978 að boða skiptafund í búinu, áður en skiptum væri lokið eftir 33. gr. laga nr. 25/1929, en þeim lögum átti að beita um þessi skipti. Þá er þess að gæta, að hér var um hlutafélag að ræða og að nokkrar líkur eru fram komnar fyrir því, að eignir hafi verið meiri en áður var vitað. Eru fram komnar upplýsingar um löghald 2. maí 1973 í tilteknum eignum félagsins. Það féll að vísu niður við upphaf gjaldprotaskiptanna samkvæmt 19. gr. laga nr. 18/1949, en hafði verið staðfest með bæjarþingsdómi 12. júlí 1977 til tryggingar kröfu að fjárhæð 172.665 krónur með vöxtum frá 1973 og málskostnaði. Ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar um hinar kyrrsettu eignir.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að endurupptaka gjaldprotaskipti í búi Staðals h/f.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda að taka upp að nýju gjaldprotaskipti í búi Staðals h/f.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. júlí 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hefur fyrir hönd Guðna Þórðarsonar með bréfum frá 21. ágúst 1980 og 14. maí 1981 krafist þess, að búskipti á protabúi Staðals h/f, Reykjavík,

sem hófust 9. ágúst 1978 og lauk 25. júlí 1980, verði tekin upp að nýju.

Beiðnin er byggð á því, að þær forsendur, sem voru fyrir skiptalokum, að búið sé eignalaust, eigi ekki við rök að styðjast. Því til stuðnings fylgdi með fyrri bréfi beiðanda endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur í bæjarþingsmálinu nr. 1077/1973, „þar sem kom fram“, eins og í bréfi beiðanda segir, „að staðfest var löghald í nánar tilgreindum eignum Staðals h.f.“. Samkvæmt bréfi beiðanda frá 14. maí sl. stendur löghald þetta enn.

Ákvörðun um skiptalok í nefndu þrotabúi hefur ekki verið kærð til Hæstaréttar, en skiptalokin voru birt í 66. tbl. Lögbirtingablaðsins 1980.

Löghaldsgerð sú, sem lögð er fram, er frá árinu 1973, og staðfestingardómur bæjarþings Reykjavíkur er frá 12. júlí 1977, þ. e. ári eldri en gjaldþrotáúrskurður. Hvorki virðist hafa verið farið í fjárnám vegna þessa dóms né hann nefndur við skiptameðferð á búinu. Ekki virðist heimilt að breyta fyrri ákvörðun skiptaráðanda um skiptalok í nefndu þrotabúi, þar sem gögn þau, sem nú eru lögð fram, hefði mátt koma fram með við skiptameðferð búsins, sem stóð í tæp tvö ár, og ekki er í ljós leitt, að framhald skiptameðferðar hafi í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir kröfuhafa.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er beiðni Guðna Þórðarsonar um endurupptöku skiptameðferðar á búi Staðals h/f.